

## SAMÞYKKT

### um fráveitur í Grindavíkurbæ.

#### I. KAFLI

#### **Um fráveitur.**

##### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu Grindavíkurbæjar.

Grindavíkurbær ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarféluginu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Sveitarfélagið starfrækir fráveitu í þéttbýli Grindarvíkurbæjar. Sveitarfélagið getur tekið að sér fráveitu á öðrum svæðum í sveitarféluginu í samræmi við 6. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Grindavíkurbær getur gert þjónustu- eða rekstrarleigusamning við annan aðila um hreinsun fráveituvatns. Rekstur fráveitu er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Skipulags- og umhverfissvið Grindavíkurbæjar fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði bæjarstjórnar.

##### 2. gr.

Fráveita Grindavíkur er B-hluta fyrirtæki í eigu Grindavíkurbæjar. Grindavíkurbær ber ábyrgð á rekstri fráveitu Grindavíkur skv. 1. gr. og kostar framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega til þess fé á fjárhagsáætlun.

##### 3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Grindavíkurbær á allar fráveitulagnir fráveitu, þ.e. útrásir, stofnlagnir, safnkerfi, fráveitutengingar, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráraesi að fráraesum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar. Sveitarfélagið sér um lagningu og viðhald allra fráveitulagna og fráveitubúnaðar.

##### 4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráraesi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögnum. Byggingarfulltrúi sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

##### 5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita Grindavíkur liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráraesi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerð nr. 982/2010, um fráveitur sveitarfélaga og reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

##### 6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráraesi húseignar að fráveitu Grindavíkur skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að rotþró eða safmbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveituna. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

## 7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá frárvæsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Rotþró er eign húseiganda. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Þar sem meðferð skólps frá stökum húsum og litlum fráveitum utan þéttbýlis á við skal einnig stuðst við leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar „LEIÐBEININGAR UM ROTÞRÆR OG SITURLAGNIR. Meðferð skólps frá stökum húsum og litlum fráveitum utan þéttbýlis janúar 2004, UST - 2004:03“. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma á tveggja til þriggja ára fresti samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

Hreinsun er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Hreinsun fer fram á vegum Grindavíkurbæjar og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktihögum og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náið. Grindavíkurbæ er heimilt að fela öðrum aðilum framkvæmd hreinsunar.

Eigandi rotþróar skal sjá til þess að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

## 8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu Grindavíkur eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró skal sækja um það til byggingarfulltrúa á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra, stærð og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 10. gr.

## 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

## 10. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu eða rotþrær. Eigandi húseignar skal sjá til þess að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

## 11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu Grindavíkur séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Grindavíkurbæ er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, svo sem olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

## 13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu Grindavíkur flæði til baka um fráræsislagnir frá húseigendum vegna vatnsbordsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

## II. KAFLI

### **Um fráveitu- og rotþróargjald.**

## 14. gr.

Grindavíkurbær skal innheimta gjald vegna tengingar og lagningars frárennslislagna frá lóða-mörkum húseigenda við fráveitukerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórni setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 15. gr.

Af þeim fasteignum í Grindavíkurbæ sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

## 16. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigtakar ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórni setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Fráveitugjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignaskattur til bæjarsjóðs Grindavíkurbæjar. Fráveitugjaldið má taka lögtaki sem má gera í hinni skattskyldu eign án tillits til eigenda-skipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 17. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórni setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignaskattur til bæjarsjóðs Grindavíkurbæjar.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenju mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við úthús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

## 18. gr.

Bæjarstjórni er heimilt að nýta sér 3. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 9/2009 um sérstök aukagjöld. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að það nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er bæjarstjórni heimilt að nýta sér heimild 4. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um niðurfellingu eða lækkun gjalda hjá tekjulágumelli- og örorkulifeyrisþegum.

Nr. 140

30. janúar 2015

19. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsiákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

20. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og skv. 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009, um uppbryggingu og rekstur fráveitna, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 205/2004 um fráveitu Grindavíkur.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 30. janúar 2015.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

*Laufey Helga Guðmundsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2015